

## Tillögur stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins til breytinga á samþykktum sjóðsins

### ***Greinargerð með breytingatillögum stjórnar:***

Iðgjald atvinnurekenda í lífeyrissjóði fólks á almennum vinnumarkaði hækkar um 1,5% 1. júlí 2017 í samræmi við ákvæði kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá því í janúar 2016. Samhliða hækkun iðgjalds tekur gildi breyting sem felur í sér að sjóðfélagar geta valið að setja allt að 3,5% skylduiðgjalds í lífeyrissjóði í séreignarsparnað, svonefnda „tilgreinda séreign“.

Tilgreind séreign verður að ýmsu leyti ólík þeim séreignarsparnaði sem menn þekkja nú. Tilgreindan séreignarsparnað verður unnt að byrja að taka út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fimm árum fyrir hefðbundinn lífeyristökualdur en ekki þegar náð er sextugsaldri eins og gildir um annan séreignarsparnað. Tilgreindan séreignarsparnað verður ekki unnt að nota til að safna skattfrjálst til húsnæðiskaupa eða til að greiða skattfrjálst niður húsnæðislán. Tilgreind séreign verður erfanleg líkt og annar séreignarsparnaður. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að sjóðfélagar geti valið um ávöxtunarleiðir fyrir tilgreindan séreignarsparnað.

- Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í janúar 2016 var kveðið á um að atvinnurekendur hækkuðu iðgjald sitt í lífeyrissjóði úr 8% í 11,5% í þremur áföngum: 0,5% 1. júlí 2016, 1,5% 1. júlí 2017 og 1,5% 1. júlí 2018.
- Iðgjald launafólks yrði óbreytt áfram, 4%.
- Heildariðgjald í lífeyrissjóði yrði þannig komið í 15,5% um mitt ár 2018 (hlutur atvinnurekenda 11,5% + hlutur launafólks 4% = 15,5% af heildarlaunum).
- Í samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins var jafnframt kveðið á um að sjóðfélagar gætu sett viðbótariðgjaldið, 3,5%, í séreignarsjóði að hluta eða öllu leyti. Ef þeir létu hins vegar kyrrt liggja færi viðbótin þeirra öll í samtryggingarhluta lífeyrissjóðanna.
- Samkvæmt dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 7. júlí 2017, geta sjóðfélagar valið að ráðstafa séreignarhluta skylduiðgjalds (þ. á m. tilgreinda séreign) til þess vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem þeir kjósa.

Fyrir launþega sem fá laun samkvæmt ofangreindu en greiða iðgjöld til Íslenska lífeyrissjóðsins mun iðgjaldshækkunin renna til frjálsrar séreignar sem er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Launþegar sem eru sjóðfélagar í Íslenska lífeyrissjóðnum þurfa ekki að gera neinar ráðstafanir vegna þessa.

Samkvæmt meðfylgjandi tillögum eru lagðar til breytingar á samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins svo hann geti tekið við, varðveitt og ávaxtað iðgjöld til tilgreindrar séreignar.

## Samþykktir Íslenska lífeyrissjóðsins

### Að orðalagi gr. 8.1 verði breytt:

**8.1** Íslenski lífeyrissjóðurinn tekur bæði við iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign sbr. III. kafla lífeyrisslaganna og iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda í séreign sbr. II. kafla sömu laga. Sjóðurinn tekur jafnframt við iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda í tilgreindri séreign.

#### Athugasemd:

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sjá greinargerð.*

### Að orðalagi gr. 8.9 verði breytt:

**8.9** Iðgjöldum til Íslenska lífeyrissjóðsins er ráðstafað til frjálsrar séreignar, bundinnar séreignar, tilgreindrar séreignar og samtryggingar. Samningur sjóðfélaga við lífeyrissjóðinn og val á leið til lágmarkstryggingaverndar sbr. gr. 13.1 ræður því hvernig iðgjaldi hans er ráðstafað.

#### Athugasemd:

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sjá greinargerð.*

### Að gr. 8.12 orðist svo:

**8.12** Tilgreind séreign myndast af iðgjaldi sjóðfélaga sem greiðir skylduiðgjald til annars lífeyrissjóðs en Íslenska lífeyrissjóðsins. Tilgreind séreign er að fullu séreign sjóðfélagans. Við andlát sjóðfélaga fellur tilgreinda séreignin til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 67 ára aldri. Þó er heimilt að hefja útborgun með jöfnum greiðslum frá 62 til 67 ára aldurs. Hafi lífeyrissjóður sem samtryggingarhluti iðgjalds er greiddur til aðrar reglur fer um útborgun tilgreindrar séreignar samkvæmt þeim.

#### Athugasemd:

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sjá greinargerð.*

### Að gr. 8.12 verði gr. 8.13:

**8.13** Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

#### Athugasemd:

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.*

### Að gr. 8.13 verði gr. 8.14:

**8.14** Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

#### Athugasemd:

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.*

**Að gr. 8.14 verði gr. 8.15:**

**8.154** Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. gr. 21.1 og gr. 22.1. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

**Athugasemd:**

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.*

**Að orðalagi gr. 9.1 verði breytt:**

**9.1** Íslenski lífeyrissjóðurinn býður upp á samninga um öflun lífeyrisréttinda í séreign (séreignarsparnað) sbr. ákvæði II. kafla lífeyrisslaganna og samninga um tilgreinda séreign.

**Athugasemd:**

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sjá greinargerð.*

**Að orðalagi gr. 9.2 verði breytt:**

**9.2** Greiðsla viðbótariðgjalds í séreignardeild (frjálsa séreign) sem og greiðsla í tilgreinda séreign skuluskal byggjast á skriflegum samningjum við sjóðinn í samræmi við ákvæði lífeyrisslaganna.

**Athugasemd:**

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sjá greinargerð.*

**Að orðalagi gr. 10.2 verði breytt:**

**10.2** Verði sjóðfélagi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá frjálsa séreign sem og tilgreinda séreign lífeyrissparnað sinn og ásamt vöextum greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á 7 árum. Með jöfnum greiðslum er átt við að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem samsvarar fjölda þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum. ~~Nú er Ef~~ örorkuprósentan er lægri en 100% ~~og lækkar þá~~ árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

**Athugasemd:**

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sjá greinargerð.*

**Að orðalagi gr. 10.3 verði breytt:**

**10.3** ~~Þeyri-Falli~~ sjóðfélagi frá áður en séreignin-frjáls séreign eða tilgreind séreign er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum hjúskapar- og erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins.

**Athugasemd:**

Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sjá greinargerð.

**Að nýrri grein, gr. 10.4 verði bætt við samþykktirnar:**

10.4 Ef sjóðfélagi er öryrki og frjáls séreign eða tilgreind séreign hans nær ekki 500.000 kr. skal sjóðurinn greiða hana út í heilu lagi ef viðkomandi sjóðfélagi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

**Athugasemd:**

Greinin er samhljóða grein 19.4 í gildandi samþykktum. Það er eðlilegra að mati stjórnar að hafa greinina staðsetta í þessum kafla samþykktanna um séreignarsparnað.

**Að orðalagi gr. 12.1 verði breytt:**

12.1 Sjóðfélögum er heimilt að gera samning um flutning innstæðu frjálsrar séreignar. Flutningur takmarkast við þá sem geta boðið upp á samning um viðbótartryggingavernd sbr. 3. mgr. 8. gr. lífeyrislaganna. Sjóðfélögum er jafnframt heimilt að gera samning um flutning innstæðu tilgreindrar séreignar. Útgreiðslufjárhæðin er inneign sjóðfélaga að frádregnum kostnaði skv. gjaldskrá sjóðsins. ~~Kostnaður við flutning skal að hámarki vera 1% af inneign sjóðfélaga, en að lágmarki 6000 krónur.~~

**Athugasemd:**

Breytingin sem lýtur að tilgreindri séreign þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sjá greinargerð. Lagt er til að ákvæði um kostnað verði tekin út úr samþykktum og þess í stað einungis vísað til gjaldskrár sjóðsins.

**Að orðalagi gr. 16.1 verði breytt:**

16.1 ~~Nú andast~~Við fráfall sjóðfélaga, sem naut- elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, hefur greitt iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði eða hefur öðlast rétt til framreiknings, ~~og lætur eftir sig maka, og á þá~~ eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.

**Athugasemd:**

Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

**Að orðalagi gr. 17.1 verði breytt:**

17.1 ~~Andist—Við fráfall~~ sjóðfélaga, sem hefur uppfyllt skyldu til lágmarkstryggingaverndar með greiðslum til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, hefur öðlast rétt til framreiknings eða notið elli- og örorkulífeyris við andlát skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

**Athugasemd:**

Breyting á orðalagi. Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

**Að orðalagi gr. 19.2 verði breytt:**

**19.2** Ef áunnin lífeyrisréttindi eru minni en 5.000 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, skal ~~stjórn~~-sjóðurinn greiða í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins, sé farið fram á slíkt með skriflegri beiðni. Fjárhæð þessi skal endurreiknuð í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við vísitölu 290,4 í mars 2008.

**Athugasemd:**

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.*

**Að orðalagi gr. 19.3 verði breytt:**

**19.3** Ef bundin séreign sjóðfélaga nær ekki 500.000 kr. skal ~~stjórn~~-sjóðurinn greiða hana út í heilu lagi ef viðkomandi sjóðfélagi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

**Athugasemd:**

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.*

**Að gr. 19.4 falli brott:**

~~19.4 Ef sjóðfélagi er öryrki og frjáls séreign hans nær ekki 500.000 kr. skal stjórn sjóðsins greiða hana út í heilu lagi ef viðkomandi sjóðfélagi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.~~

**Athugasemd:**

*Sjá umfjöllun um nýja grein, gr. 10.4.*

**Að gr. 19.5 verði gr. 19.4:**

**19.45** Við útgreiðslu á bundinni séreign sjóðfélaga sem greiðir lágmarkstryggingaverndina í aðra samtryggingardeild en Íslenska lífeyrissjóðinn gilda sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til.

**Athugasemd:**

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.*

**Að gr. 23.1 falli brott:**

~~23.1 Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja milli lífeyrissjóða þegar að tóku lífeyris kemur. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi eða réttihafi fær útborguð réttindi sín eða inneign í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.~~

**Athugasemd:**

*Ákvæðið á ekki lengur við.*

**Að gr. 23.2 verði gr. 23.1 og hljóði svo:**

**23.12** Íslenska lífeyrissjóðnum er heimilt að taka við greiðslu frjálsrar séreignar og tilgreindrar séreignar viðbótartryggingaverndar úr frá öðrum lífeyrissjóðum og

~~vörsluaðilum lífeyrissparnaðar vegna þeirra einstaklinga sem kjósa að flytja inneign sína úr öðrum sjóðum.~~

**Athugasemd:**

*Breytingin þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sjá greinargerð.*

**Að Bráðabirgðaákvæði falli brott:**

**~~Bráðabirgðaákvæði:~~**

~~Í framhaldi af tryggingafræðilegri athugun samtryggingardeildar Íslenska lífeyrissjóðsins miðað við 31.12.2009 skulu lífeyrisréttindi lækkuð hlutfallslega um 10% frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að samþykktirnar hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.~~

**Athugasemd:**

*Ákvæðið á ekki lengur við.*

Reykjavík 2. ágúst 2017